

Stjórnarháttayfirlýsing

Inngangur

Stjórnarhættir Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir nefnt „RB“ eða „félagið“) móttast af fylgni við þau lög og reglur sem almennt gilda um félagsformið ásamt samþykktum RB og starfsreglum stjórnar. Samþykktir RB, starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar er að finna á vefsíðu félagsins, [www.rb.is](#).

Stjórnarháttayfirlýsingar vegna starfsárs stjórnar 2023 til 2024 er gerð með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út 2021, 6. útgáfa af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar eru m.a. birtar á slóðinni [http://www.leidbeiningar.is/](#). Í kjölfar úttektar óháðs aðila á stjórnarháttum RB hlaut RB viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum árið 2023. RB víkur frá hluta Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Þannig hefur hvorki tilnefninganefnd né starfskjaranefnd verið skipuð. Stjórnarkjör eru samkvæmt hluthafasamningi félagsins en þar segir að viðskiptabankar sem eru skilgreindir sem mikilvægir bankar skulu tilnefna sinn stjórnarmann hver. Við undirritun samningsins eru Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki kerfislega mikilvægir bankar. Einn stjórnarmaður skal vera tilnefndur af Greiðsluveitunni ehf., dótturfélagi Seðlabanka Íslands. Hluthafar félagsins skulu tilnefna einn stjórnarmann í sameiningu og skal hann vera óháður einstökum aðilum hluthafasamnings. Varamenn í stjórn skulu tilnefndir með sama hætti og aðalmenn. Upplýsingar um ársreikninga RB, hluthafafundi, fundarboð, fundargerðir og fundargögn eru hluthöfum aðgengileg samkvæmt lögum og samþykktum félagsins í stað þess að birta allar upplýsingar á heimasíðu RB. RB hefur ekki sett fram sérstaka stefnu um fjölbreytileika en í mannauðs-, jafnréttis- og jafnlaunastefnu er kveðið á um fjölbreytileika í vali á nýju starfsfólki, að virðing sé borin fyrir mismunandi kynjum og að stuðlað sé að jafnrétti í allri starfsemi félagsins. RB fylgir eftir heimsmarkmiðum SP í starfsemi sinni líkt og kemur fram í sjálfbærnistefnu félagsins. Lögð er rík áhersla á að RB sé vinnustaður þar sem allir eru velkomnir og fá jöfn tækifæri óháð kyni, kynhneigð, menningarlegum bakgrunni eða annað.

RB gefur árlega út áreiðanleikaskýrslur skv. alþjóðlegum staðli, ISAE 3402. Skýrslurnar byggja á úttekt óháðs aðila á hönnun og virkni innra eftirlits. Úttektir fela í sér umfangsmiklar prófanir á innra eftirliti RB og í niðurstöðuskýrslu er tilgreint hvort eftirlitsþættir séu virkir eða ekki.

Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012 var starfsemi RB veitt undanþága frá bannákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 á grundvelli tiltekinna skilyrða. Vegna breytinga á samkeppnislögum sem tóku gildi 1. janúar 2021 féll undanþága RB úr gildi og hvílir nú skylda á RB og eigendum þess að framkvæma sjálfstætt mat („sjálfsmat“) á því hvort starfsemi félagsins sé samþýðanleg samkeppnislögum. RB hefur gert sjálfsmat fyrir starfsemi félagsins og allir hluthafar félagsins skrifað undir sjálfsmatið. Í kjölfar breytinga á eignarhaldi RB gerðu eigendur með sér nýtt hluthafasamkomulag, sem var undirritað 10. desember 2021. Samhliða var samþykktum RB breytt til samræmis við breyttan tilgang félagsins. Bæði hluthafasamkomulagið og samþykktirnar eru hluti af sjálfsmati félagsins og var hvort tveggja útfært með hliðsjón af skyldum RB í þeim efnum.

Einn þáttur í sjálfsmati félagsins er að sýna með hvaða hætti fylgni við samkeppnislög er tryggð. Í því samhengi voru starfsreglur stjórnar endurnýjaðar og sérstakar reglur settar um meðferð trúnaðarupplýsinga og upplýsingaskipti á vettvangi RB. Síðarnefndu reglurnar eiga jafnt við um stjórnarmenn sem og einstaka starfshópa á vegum félagsins, sem skipaðir eru fulltrúum eigenda. Að auki var RB sett sérstök samkeppnisréttarstefna. Stjórnarmenn hafa undirritað sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fylgja framangreindum reglum og stefnum í störfum sínum.

Engin opinber stofnun hefur sakað félagið um brot á lögum og reglum. Upplýsingar um dómsmál sem beinast að RB er að finna í skýringum með ársreikningi RB.

Áhættustjórnun, innra eftirlit og innri endurskoðandi

Styrk áhættustjórnun er ein af grunnforsendum þess að RB nái að uppfylla stefnu, markmið og hlutverk sitt. Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórn að jafnaði fjalla tvisvar á ári um áhættustýringu og var það gert á stjórnarfundum í júní 2023 og janúar 2024. Stjórn RB samþykkti áhættustefnu RB á stjórnarfundum þann 26. janúar 2024.

Áhættustjórnun, innra eftirlit og innri endurskoðandi, frh.:

Haldið er utan um stjórnkerfi upplýsingaöryggis og skipulag félagsins í gæðakerfi þess. Verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í alla ferla félagsins og eru innri úttektir framkvæmdar með reglubundnum hætti. Innbyggð áhætta felst í ýmsum þáttum daglegs rekstrar, eins og útvíkkun á lausnarframboði, uppfærslu grunnkerfa og fleira. Áhættustjórnun og innra eftirlit sem er innbyggt í gæðakerfi félagsins er kerfisbundin en ekki tilfallandi. Til að tryggja að áhættuþættir séu skilgreindir og meðhöndlaðir hefur RB mótað samræmda aðferðafræði við áhættustjórnun. RB notar skýra aðferðafræði til að áhættugreina og mæla áhættu sem tryggir að borin sé kennsl á áhættuna, hún sé metin og flokkuð m.t.t. líkinda og mögulegra áhrifa á starfsemi félagsins. Til að staðreyna virkni innra eftirlits hefur stjórn RB gert samning við innri endurskoðanda sem gefur árlega út skýrslu um innra eftirlit. Eftirfylgni er með viðbrögðum við athugasemdir eða ábendingum. Endurskoðunarnefnd stjórnar hefur jafnframt farið yfir áhættustýringu félagsins og fengið áhættuskýrslu árlega og fer yfir árlega skýrslu innri endurskoðunar RB.

RB er með samning við Deloitte til að sinna innri endurskoðun. Innri endurskoðendur leggja fyrir endurskoðunarnefnd áhættumiðaða áætlun. Endurskoðunarnefnd fjallar um áætlunina og samþykkir áður en innri endurskoðandi hefst handa. Innri endurskoðandi skilar skýrslu til endurskoðunarnefndar árlega þar sem hann greinir frá niðurstöðum sínum.

Upplýsingar um stefnu RB um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

RB hefur sett sér sjálfbærnistefnu og gefur út árlega sjálfbærnisráðgjafur, hvort tveggja er aðgengilegt á heimasíðu RB.

RB hefur sett siðareglur sem gilda um stjórn og starfsmenn RB. Tilgangur reglnanna er að setja skýr grunnviðmið um góða starfshætti innan RB og styðja þannig við aðrar reglur og stefnur sem gilda innan RB.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, undirnefnda stjórnar og framkvæmdastjórnar

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum RB í samræmi við lög og samþykktir RB. Aðalfundur RB var haldinn 23. mars 2023.

Stjórn

Stjórn samanstendur af fimm einstaklingum. Stjórnarkjör er aðeins gilt að kynjahlutföll í stjórn sé sem jafnast og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Skipan stjórnarmanna er ákveðin í samræmi við nýtt hluthafasamkomulag og samþykktir félagsins líkt og áður hefur komið fram. Allir stjórnarmenn hafa undirritað yfirlýsingu um eftirfylgni við reglur RB og staðfest hæfi sitt.

Á nýliðnu ári hélt stjórn 12 fundi. Allir stjórnarmenn tóku þátt í öllum fundum, fyrir utan fimm tilvik þar sem stjórnarmenn boðuðu forföll. Varamaður kom inn í þremur tilvikum.

Á hluthafafundi 23. mars 2023 voru eftirfarandi aðilar kosnir í aðalstjórn:

Gunnar Jakobsson, stjórnarformaður: Gunnar var kosinn í stjórn RB í desember 2021 og er háður stjórnarformaðurs í gegnum starf sitt hjá Seðlabanka Íslands en Seðlabanki Íslands er hluthafi í félaginu. Stjórnarformaður hefur ekki unnið önnur trúnaðarstörf fyrir félagið. Gunnar hefur starfað sem varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika frá mars 2020. Hann var áður í ýmsum stjórnunarstöðum hjá Goldman Sachs frá 2001-2020, síðast sem framkvæmdastjóri lausafjárahættu og persónuverndar Goldman Sachs International í Lundúnum. Gunnar er nú stjórnarformaður Greiðsluveitunnar hf. sem er dótturfélag Seðlabanka Íslands. Gunnar lauk prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1995 og MBA prófi frá Yale University árið 2001.

Ásthildur Sturludóttir: Ásthildur var í stjórn RB 2016 þar til í desember 2021 og kemur að ný í stjórn RB í mars 2022 og er óháður stjórnarmaður. Ásthildur hefur starfað sem bæjarstjóri á Akureyri frá 2018 en var áður bæjarstjóri Vesturbbyggðar frá 2010. Þar áður var hún verkefnisstjóri á skrifstofu rektors við Háskóla Íslands, verkefnisstjóri hjá Portus ehf. (félag um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss), framkvæmdastjóri samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og verkefnisstjóri atvinnuþróunarfélags Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV-þróun og ráðgjöf) Ásthildur sat í stjórn RÚV ohf. þar til í maí 2016 og í stjórn Byggðastofnunar frá 2014-2016. Ásthildur er menntaður stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands og stjórnsýslufræðingur (MPA) frá PACE University í New York í Bandaríkjunum.

Helga B. Sigbjarnardóttir. Helga var kosin í stjórn RB í mars 2023 og er háður stjórnarmaður í gegnum starf sitt hjá Landsbankanum en bankinn er hluthafi í félaginu. Stjórnarmaður hefur ekki unnið önnur trúnaðarstörf fyrir félagið. Helga hefur starfað sem forstöðumaður högunar á upplýsingatækni sviði Landsbankans frá árinu 2022 en hún hóf störf hjá Landsbankanum árið 2012, fyrst sem verkefnastjóri og síðar hópstjóri yfir verkefnastofu Landsbankans. Helga starfaði áður hjá Byr Sparisjóði á viðskiptabankasviði og þar áður hjá Sparisjóði Kópavogs sem forstöðumaður markaðs- og þjónustusviðs. Helga útskrifaðist frá Háskóla Íslands með B.S. gráðu í matvælafræði árið 1999 og er með MBA gráðu frá Háskólanum Universidad Autónoma de Madrid (IADE) á Spáni.

Riaan Dreyer: Riaan var kosinn í stjórn RB í desember 2021 og er háður stjórnarmaður í gegnum starf sitt hjá Íslandsbanka en bankinn er hluthafi í félaginu. Stjórnarmaður hefur ekki unnið önnur trúnaðarstörf fyrir félagið. Riaan hefur starfað sem framkvæmdastjóri upplýsingatækni sviðs Íslandsbanka frá árinu 2019. Riaan starfaði áður sem forstöðumaður hugbúnaðarþróunar hjá Arion banka og við hugbúnaðarlausnir hjá Meniga. Þar áður gegndi Riaan stöðu forstöðumanns upplýsingatækni sviðs við þróun viðskiptalausna hjá Standard Bank og hjá Liberty Life í Suður-Afríku. Riaan er stjórnarmaður í ISB Development Centre Poland. Riaan er með B.S. gráðu í tryggingastærðfræði og hagfræði frá háskólanum í Suður-Afríku og masterspróf í upplýsingatækni frá Pretoria í Suður-Afríku.

Sunna Guðmundsdóttir: Sunna var kosin í stjórn RB í mars 2023 og er háður stjórnarmaður í gegnum banka starf sitt hjá Arion banka en bankinn er hluthafi í félaginu. Stjórnarmaður hefur ekki unnið önnur trúnaðarstörf fyrir félagið. Sunna hefur frá árinu 2014 verið forstöðumaður rekstrar á fjármálasviði Arion banka. Sunna hefur starfað hjá Arion banka og forverum hans á fjármálasviði síðan 2005. Hún situr í íþróttaráði Kópavogsbæjar og hefur verið í stjórnun hjá Breiðablik síðan 2007. Sunna útskrifaðist árið 2001 með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og árið 2018 útskrifaðist hún með M.sc gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík. Sunna er með próf í verðbréfavíðskiptum.

Varamenn stjórnar:

Arinbjörn Ólafsson: framkvæmdastjóri upplýsingatækni sviðs Landsbankans. Háður stjórnarmaður í gegnum starf sitt hjá Landsbankanum þar sem bankinn er hluthafi í félaginu.

Björn Bjarnason: framkvæmdastjóri upplýsingatækni sviðs Arion banka. Háður stjórnarmaður í gegnum starf sitt hjá Arion banka þar sem bankinn er hluthafi í félaginu.

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir: Aðstoðarframkvæmdastjóri skrifstofu Seðlabanka Íslands. Háður stjórnarmaður í gegnum starf sitt hjá Seðlabanka Íslands en Seðlabanki Íslands er hluthafi í félaginu.

Krístín Tinna Gunnarsdóttir: Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni Íslandsbanka. Háður stjórnarmaður í gegnum starf sitt hjá Íslandsbanka en bankinn er hluthafi í félaginu.

Árni Stefánsson: Framkvæmdastjóri Rio Tinto. Óháður stjórnarmaður.

Undirnefndir stjórnar

Í samræmi við starfsreglur sínar skipaði stjórn eina undirnefnd stjórnar, endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd RB skipuðu Sigurður Þórðarson, formaður, Ásthildur Sturludóttir og Helga B. Sigbjarnardóttir. Sex fundir voru haldnir í endurskoðunarnefnd á starfsárinu og fundaði nefndin jafnframt einslega m.a. um sjálfsmat. Auk þess var einn sameiginlegur fundur með stjórn RB. Allir nefndarmenn í endurskoðunarnefnd tóku þátt í öllum nefndarfundum á starfsárinu fyrir utan eitt tilvik sem nefndarmaður boðaði forfall.

Forstjóri og framkvæmdastjórn

Forstjóri stýrir daglegum rekstri RB og framkvæmd annarra ákvarðana sem stjórn hefur falið honum. Stjórn félagsins annast ráðningarkjör forstjóra, en getur falið formanni að annast samninga við forstjóra. Kveðið er á um hlutverk stjórnar og forstjóra í starfsreglum stjórnar. Þrjú framkvæmdastjórar sitja í framkvæmdastjórn RB auk forstjóra. Skipurit RB er að finna á heimasíðu félagsins, www.rb.is.

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri: Ragnhildur er forstjóri RB og er fædd árið 1971. Hún hóf störf hjá RB í janúar 2019. Hún var áður aðstoðarforstjóri WOW Air. Þar áður var Ragnhildur framkvæmdastjóri rekstrar og upplýsingatækni hjá Landsbankanum í fimm ár og forstjóri Promens í rúm fimm ár. Þar áður starfaði Ragnhildur hjá Icelandair/Flugleiðum í sex ár og gegndi stöðu forstjóra í lok þess tíma. Ragnhildur er verkfræðingur og viðskiptafræðingur að mennt. Hún lauk BS prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1995, MS prófi í iðnaðarverkfræði frá Háskólanum í Wisconsin árið 1996 og MS prófi í viðskiptafræði frá sama skóla 1998.

Jón Helgi Einarsson, framkvæmdastjóri Hugbúnaðarsviðs: Jón Helgi tók við starfi framkvæmdastjóra Hugbúnaðarsviðs, áður Kjarnalausna í október 2016. Hann er fæddur árið 1964. Áður var hann forstöðumaður Verkefnastýringar og ráðgjafar hjá RB. Þar áður starfaði hann hjá Advania hf. og forverum þess, m.a. sem forstöðumaður hjá Advania, framkvæmdastjóri HugarAx hf., forstöðumaður hjá Ax hugbúnaðarhúsi hf. og framkvæmdastjóri Kerfis hf. Þar áður starfaði Jón Helgi við hugbúnaðarverkefni hjá Kögum hf. í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Jón Helgi er með MS gráðu í verkfræði frá Purdue University í Bandaríkjunum og er rafmagnsverkfræðingur frá Háskóla Íslands.

Þorsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Tæknireksturs: Þorsteinn hóf störf sem framkvæmdastjóri Tæknirekstur í maí 2021 en hann hafði verið framkvæmdastjóri Tækniþróunar (áður Tæknistjórn) síðan í október 2016. Þar áður var hann framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar- og ráðgjafasviðs, eða frá kaupum Reiknistofunnar á meginhluta reksturs Teris í júní 2012 þar sem hann starfaði frá 1997, síðast sem framkvæmdastjóri félagsins, frá miðju ári 2011. Áður starfaði hann hjá Teris sem framkvæmdastjóri Þróunarsviðs frá 2007, sviðsstjóri Þróunarsviðs frá 2005 og sem hópstjóri sjálfsafgreiðslulausna.

Þorsteinn er fæddur 1970 og lauk BS-prófi í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005 og útskrifaðist sem kerfisfræðingur frá TVÍ árið 1995. Hann útskrifaðist með sveinspróf í rafeindavirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1991.

Aron Óttar Traustason, framkvæmdastjóri Fjármála: Aron tók við starfi framkvæmdastjóra Fjármálasviðs í ágúst 2022. Áður var hann forstöðumaður fjármála hjá RB. Fyrir það starfaði Aron á uppgjörssviði hjá Fjárstoð ehf. Aron er fæddur árið 1985 og er með MS.Acc gráðu í reikningsskilum og endurskoðun frá Háskóla Íslands og er viðskiptafræðingur frá sama skóla.

Árangursmat stjórnar

Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórn árlega framkvæma árangursmat þar sem störf stjórnar, verklag, starfshættir og framgangur félagsins eru metin, svo og frammistaða forstjóra, undirnefnda, stjórnarformanns og einstakra stjórnarmanna. Niðurstöður árangursmatsins skal notað til að bæta störf stjórnar, undirnefnda og forstjóra. Stjórn félagsins framkvæmir árangursmat (sjálfsmat) í lok starfsársins vegna starfa sinna á liðnu starfsári.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samþykktum félagsins er ákvæði um samskipti sem stjórn ákveður að félagið eigi við hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðsla arðs eða aðrar tilkynningar og er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts heimiluð. Í reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga og upplýsingaskipti kemur m.a. fram að samskipti fulltrúa eigenda RB skulu að jafnaði eingöngu eiga sér stað á fundum sem boðað er til með formlegum hætti. Samskipti milli meðlima starfshóps í aðdraganda funda skulu að jafnaði vera rafræn og rekjanleg.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsingu þessari er ætlað eftir bestu vitund að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Stjórn RB uppfærir stjórnarháttayfirlýsingu RB árlega. Þessi stjórnarháttayfirlýsing var yfirfarin og samþykkt af stjórn Reiknistofu bankanna hf. þann 1. mars 2024.